

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 336/2006

2008/EES/77/03

frá 15. febrúar 2006

um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95(*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

- 3) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 23. nóvember 1995, með ályktun A.788(19), viðmiðunarreglur fyrir stjórnvöld um beitingu ISM-kóðans. Þessum viðmiðunarreglum var breytt með ályktun A.913(22) sem voru samþykktar 29. nóvember 2001.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 4) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum⁽³⁾ varð ISM-kóðinn lögboðinn innan Bandalagsins frá og með 1. júlí 1996 fyrir allar ekjufarþegaferjur sem eru í áætlunarferðum til og frá höfnum aðildarríkja, bæði innanlands og milli landa og óháð því undir hvaða fána þær sigla. Þetta var fyrsta skrefið í þá átt að tryggja samræmda og samfellda beitingu ISM-kóðans í öllum aðildarríkjunum.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

- 5) Hinn 1. júlí 1998 varð ISM-kóðinn lögboðinn, samkvæmt ákvæðum IX. kafla SOLAS-samningsins, gagnvart félögum sem annast rekstur farþega skipa, þ.m.t. háhraðafarþegaferjur, olúflutningaskip, efnaflytningaskip, gasflutningaskip, búlkaskip og háhraðaflutningaför sem eru 500 brúttótonn að stærð og stærri, í millilandasiglingum.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti 1993 alþjóðlegan kóða um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, hér á eftir nefndur „ISM-kóðinn“. Þessi kóði varð smám saman lögboðinn fyrir flest skip í millilandasiglingum með samþykkt, í maí 1994, á IX. kafla, „Öryggisstjórnun skipa“, í alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS).
- 2) Alþjóðasiglingamálastofnunin breytti ISM-kóðanum með ályktun MSC.104 (73) sem var samþykkt 5. desember 2000.

- 6) Hinn 1. júlí 2002 varð ISM-kóðinn lögboðinn gagnvart félögum sem annast rekstur annarra flutningaskipa og færanlegra borpalla á sjó, sem eru 500 brúttótonn að stærð og stærri, í millilandasiglingum.

- 7) Bæta mætti á skilvirkan hátt öryggi mannlífa á sjó og umhverfisvernd með því að lögbinda ISM-kóðann og beita honum án undantekninga.

- 8) Æskilegt er að gildissvið ISM-kóðans taki milliliðalaust til skipa sem sigla undir fána aðildarríkis, sem og skipa, óháð því undir hvaða fána þau sigla, sem eru eingöngu í innanlandssiglingum eða í áætlunarferðum til eða frá höfnum aðildarríkja.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 21.12.2006, p. 3.

(1) Stjtið. ESB C 302, 7.12.2004, bls. 20.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 2004 (Stjtið. ESB C 102 E, 28.4.2004, bls. 565), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júlí 2005 (Stjtið. ESB C 264 E, 25.10.2005, bls. 28) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

(3) Stjtið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

9) Samþykkt nýrrar reglugerðar, án frekari lögfestingar, ætti að tryggja framkvæmd ISM-kóðans, þó með þeim skilyrðum að aðildarríkjunum sé í sjálfsveld sett hvort kóðinn gildi um skip, óháð fána þeirra, sem stunda eingöngu siglingar um hafnarsvæði.

og öryggi við rekstur þeirra svo og að koma í veg fyrir mengun frá skipum, og vegna þess að þeim verður af þessum sökum frekar náð á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

10) Því skal reglugerð (EB) nr. 3051/95 felld úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

11) Ef aðildarríki telur það erfitt í framkvæmd fyrir félög að uppfylla sértæk ákvæði A-hluta ISM-kóðans að því er varðar tiltekin skip eða flokka skipa, sem stunda eingöngu innanlands-siglingar í því aðildarríki, er því heimilt að víkja alveg eða að hluta til frá þessum ákvæðum með því að setja ákvæði sem tryggja að markmið kóðans séu uppfyllt á sambærilegan hátt. Því er heimilt, að því er varðar slík skip og félög, að setja aðrar verklagsreglur um vottun og sannprófun.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að efla öryggisstjórnun skipa og öryggi við rekstur þeirra, svo og að koma í veg fyrir mengun frá skipum, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr., með því að tryggja að félög, sem annast rekstur þessara skipa, fari að ISM-kóðanum með því að:

12) Nauðsynlegt er að taka tillit til tilskipunar ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkiseftirlit skipa ⁽¹⁾

a) koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda með viðeigandi hætti öryggisstjórnunarkerfum um borð í skipum sínum og í landi og

b) stjórnvöld í fána- og hafnarríki hafi eftirlit með því.

2. gr.

13) Einnig er nauðsynlegt að taka tillit til tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ⁽²⁾ þegar skilgreindar eru viðurkenndar stofnanir í þessari reglugerð og tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽³⁾, í því skyni að ákvarða gildissvið þessarar reglugerðar að því er varðar farþegaskip í innanlandssiglingum.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

14) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að breyta II. viðauka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁴⁾.

1) „ISM-kóði“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, samþykktur af Alþjóðasiglingamálastofnuninni með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993, eins og henni var breytt með ályktun siglingaöryggisnefndar MSC.104(73) frá 5. desember 2000, og sem settur er fram í I. viðauka við þessa reglugerð, í uppfærði útgáfu,

2) „viðurkennd stofnun“: aðili sem hefur fengið viðurkenningu í samræmi við tilskipun 94/57/EB,

15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðunum, sem sett eru með þessari reglugerð, þ.e. að efla öryggisstjórnun skipa

3) „félag“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins, og sem hefur, með því að takast þessa ábyrgð á hendur, gengist við öllum þeim skyldum og ábyrgð sem í ISM-kóðanum felst,

4) „farþegaskip“: skip, þ.m.t. háhraðafar, sem flytur fleiri en 12 farþega, eða sökkvanlegt farþegafar,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjútíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/84/EB.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB (Stjútíð. ESB L 190, 30.7.2003, bls. 6).

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 5) „farþegi“: einstaklingur annar en:
- skipstjóri og skipverjar eða aðrir þeir sem eru ráðnir eða gegna einhverri stöðu um borð í skipi í þágu þess og
 - barn undir eins árs aldri,
- 6) „háhraðafar“: háhraðafar, eins og það er skilgreint í reglu X-1/2 í SOLAS-samningnum, í uppfærðri útgáfu. Takmarkanirnar, sem tilgreindar eru í f-lið 2. gr. tilskipunar 98/18/EB, gilda um háhraðafarþegafar,
- 7) „flutningaskip“: skip, þ.m.t. háhraðafar sem er ekki farþegaskip,
- 8) „millilandasiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis eða einhvers annars ríkis til hafnar utan þess ríkis eða öfugt,
- 9) „innanlandssiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis til sömu eða annarrar hafnar í því aðildarríki,
- 10) „áætlunarferðir skipa“: siglingar skipa sem ætlað er að þjóna umferð milli tveggja eða fleiri staða, annaðhvort:
- samkvæmt birtri áætlun, eða
 - með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,
- 11) „ekjufarþegaferja“: farþegaskip til hafsiglinga, eins og það er skilgreint í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, í uppfærðri útgáfu,
- 12) „sökkvanlegt farþegafar“: hreyfanlegt skip sem flytur farþega, starfar fyrst og fremst neðansjár og reiðir sig á stuðning ofansjár, eins og yfirborðsskip eða aðstöðu á landi, til eftirlits og til einhvers af eftirfarandi:
- til endurhleðslu aflagjafa,
 - til áfyllingar loftþrýstihylkja,
 - til endurhleðslu lífsviðhaldsbúnaðar,
- 13) „færanlegur borpallur á sjó“: skip sem hægt er að nota við borun til að leita að eða nýta auðlindir undir hafsbotninum, t.d. fljótandi eða loftkennd vetniskolefni, brennistein eða salt,
- 14) „brúttótonnataka“: brúttótonnataka skipa sem er ákvörðuð í samræmi við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða, ef um er að ræða skip sem er eingöngu í innanlandssiglingum og hefur ekki verið mælt í samræmi við framangreindan samning, brúttótonnataka skipa sem er ákvörðuð í samræmi við innlendar reglur um mælingar skipa.
3. gr.
- Gildissvið**
1. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi tegundir skipa og félögin sem gera þau út:
- flutningaskip og farþegaskip í millilandasiglingum sem sigla undir fána aðildarríkis,
 - flutningaskip og farþegaskip sem eru eingöngu í innanlandssiglingum, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla,
 - flutningaskip og farþegaskip sem eru í áætlunarferðum til og frá höfnum aðildarríkja, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla,
 - færanlegir borpallar á sjó sem eru gerðir út í umboði aðildarríkis.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi tegundir skipa eða félögin sem gera þau út:
- herskip, liðsflutningaskip og önnur skip sem aðildarríki á eða rekur og eru nýtt eingöngu í þágu hins opinbera en ekki í atvinnuskyni,
 - skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur og skemmtibátar nema þau séu eða verði mönnuð og látin flytja fleiri en 12 farþega í atvinnuskyni,
 - fiskiskip,
 - flutningaskip og færanlegir borpallar á sjó sem eru undir 500 brúttótonnum að stærð,
 - farþegaskip, að undanskildum ekjufarþegaferjum, á hafsvæðum í flokki C og D, eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar 98/18/EB.

4. gr.

c) aðildarríkið skal birta allar ráðstafanir, sem hafa verið samþykktar, með því að vísa beint til 1. mgr. og, ef við á, 2. mgr.

Uppfylling ákvæða

Aðildarríkin skulu tryggja að öll félög, sem gera út skip sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, uppfylli ákvæði hennar.

4. Í kjölfar undanþágunnar í 1. mgr. og, ef við á, 2. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki gefa út skírteini í samræmi við aðra undirgrein 5. þáttar B-hluta II. viðauka þar sem tilgreindar eru viðeigandi rekstrartakmarkanir.

5. gr.

8. gr.

Kröfur um öryggisstjórnun

Skipin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og félögin, sem gera þau út, skulu fara að kröfunum í A-hluta ISM-kóðans.

Gildistími, samþykki og viðurkenning skírteina

6. gr.

1. Samræmingarskjalið skal gilda í allt að fimm ár frá útgáfudegi þess. Öryggisstjórnunarskírteinið skal gilda í allt að fimm ár frá útgáfudegi þess.

Vottun og sannprófun

Að því er varðar vottun og sannprófun skulu aðildarríkin uppfylla ákvæði B-hluta ISM-kóðans.

2. Þegar samræmingarskjalið og öryggisstjórnunarskírteinið eru endurnýjuð skulu viðeigandi ákvæði B-hluta ISM-kóðans gilda.

7. gr.

3. Aðildarríkin skulu samþykkja samræmingarskjöl, bráðabirgðasamræmingarskjöl, öryggisstjórnunarskírteini og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini sem stjórnvald í öðru aðildarríki gefur út eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess.

Undanþága

1. Ef aðildarríki telur það erfitt í framkvæmd fyrir félög að uppfylla 6., 7., 9., 11. og 12. lið A-hluta ISM-kóðans, að því er varðar tiltekin skip eða flokka skipa sem stunda eingöngu innanlandssiglingar í því aðildarríki, er því heimilt að víkja alveg eða að hluta til frá þessum ákvæðum með því að setja ákvæði sem tryggja að markmið kóðans séu uppfyllt á sambærilegan hátt.

4. Aðildarríkin skulu samþykkja samræmingarskjöl, bráðabirgðasamræmingarskjöl, öryggisstjórnunarskírteini og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini sem stjórnvald í þriðju löndum gefa út eða sem gefin eru út fyrir hönd þeirra.

2. Ef aðildarríki telur það erfitt í framkvæmd fyrir skip og félög, sem veitt hefur verið undanþága í krafti 1. mgr., að beita kröfunum, sem mælt er fyrir um í 6. gr., er því heimilt að setja aðrar verklagsreglur um vottun og sannprófun.

Þó skal hlutaðeigandi aðildarríki eða aðili fyrir hönd þess eða þeirra sannprófa á viðeigandi hátt hvort samræmingarskjöl, bráðabirgðasamræmingarskjöl, öryggisstjórnunarskírteini og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini skipa í áætlunarferðum, sem gefin eru út fyrir hönd stjórnvalda í þriðju löndum, uppfylli kröfur ISM-kóðans nema skjölin og skírteinin séu gefin út af stjórnvaldi í aðildarríki eða viðurkenndri stofnun.

3. Við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, 2. mgr. skulu eftirfarandi verklagsreglur gilda:

9. gr.

a) hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um undanþáguna og ráðstafanirnar sem það hyggst samþykkja,

Viðurlög

b) ef ákveðið er, innan sex mánaða frá tilkynningunni og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr., að fyrirhuguð undanþága sé ekki rökstudd og að fyrirhugaðar ráðstafanir séu ekki fullnægjandi skal þess krafist af aðildarríkinu að það breyti fyrirhuguðum ákvæðum eða samþykki þau ekki.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

10. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu á tveggja ára fresti um framkvæmd þessarar reglugerðar.
2. Framkvæmdastjórnin skal láta hanna samræmt skýrslueyðublað fyrir slíkar skýrslur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.,
3. Framkvæmdastjórnin skal, innan sex mánaða frá því henni berast skýrslurnar frá aðildarríkjunum og með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, steypa skýrslunum saman í eina skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, þar sem lagðar eru fram allar tillögur að ráðstöfunum, ef við á. Skýrslan skal send til Evrópuþingsins og ráðsins.

11. gr.

Breytingar

1. Breytingar á ISM-kóðanum má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ⁽¹⁾.
2. Allar breytingar á II. viðauka skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

12. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. febrúar 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

13. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB) nr. 3051/95 fellur úr gildi frá og með 24. mars 2006.

2. Bráðabirgðasamræmingarskjöl, bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini, samræmingarskjöl og öryggisstjórnunarskírteini, sem eru gefin út fyrir 24. mars 2006, skulu gilda þar til gildistími þeirra rennur út eða þar til þau eru árituð næst.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þessi reglugerð gildir frá og með 24. mars 2008 að því er varðar flutningaskip og farþegaskip, sem þurfa ekki nú þegar að uppfylla ákvæði ISM-kóðans.

Fyrir hönd ráðsins,

H. WINKLER

forseti.

⁽¹⁾ Stj. 2002, EB L 324, 29.11.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2004 (Stj. 2004, ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10).

*I. VIÐAUKI***Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðinn))**

A-hluti — Framkvæmd

1. Almenn atriði
- 1.1. Skilgreiningar
- 1.2. Markmið
- 1.3. Beiting
- 1.4. Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi (SMS)
2. Stefna í öryggis- og umhverfisverndunarmálum
3. Ábyrgð og valdsvið félags
4. Tilnefndur einstaklingur eða einstaklingar
5. Ábyrgð og valdsvið skipstjóra
6. Tilföng og starfsmenn
7. Gerð áætlana vegna aðgerða um borð
8. Neyðarviðbúnaður
9. Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu
10. Viðhald skips og búnaðar
11. Skjalahald
12. Sannprófun, endurskoðun og mat félags

B-hluti — Vottun og sannprófun

13. Vottun og reglubundin sannprófun
14. Bráðabirgðavottun
15. Sannprófun
16. Eyðublöð fyrir skírteini

ALÞJÓÐLEGUR KÓÐI UM ÖRYGGISSTJÓRNUN SKIPA OG MENGUNARVARNIR**ALÞJÓÐLEGUR KÓÐI UM ÖRYGGISSTJÓRNUN SKIPA (ISM-KÓÐINN)**

A-HLUTI — FRAMKVÆMD

1. Almenn atriði

1.1. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um A- og B-hluta þessa kóða:

- 1.1.1. „Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðinn)“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir eins og þingið samþykkti hann og stofnuninni er heimilt er að breyta.
- 1.1.2. „Félag“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins, og sem hefur, með því að takast þessa ábyrgð á hendur, gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem í kóðanum felst.
- 1.1.3. „Stjórnvald“: ríkisstjórn ríkis sem skip hefur rétt til að sigla undir fána hjá.
- 1.1.4. „Öryggisstjórnunarkerfi“: skipulagt og skjalfest kerfi sem gerir starfsmönnum félags kleift að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum með skilvirkum hætti.
- 1.1.5. „Samræmingarskjal“: skjal sem er gefið út fyrir félag sem fer að kröfum þessa kóða.
- 1.1.6. „Öryggisstjórnunarskírteini“: skjal sem er gefið út fyrir skip og gefur til kynna að félagið og skipstjórn þess starfi í samræmi við viðurkennda öryggisstjórnunarkerfið.
- 1.1.7. „Hlutlæg sönnunargögn“: megindlegar eða eigindlegar upplýsingar, skýrslur eða yfirlýsingar, byggðar á staðreyndum, sem lúta að öryggi eða tilvist og framkvæmd grunnþáttar öryggisstjórnunarkerfis, byggðar á athugasemdum, mælingum eða prófunum og sem unnt er að færa sönnur á.
- 1.1.8. „Athugasemd“: yfirlýsing, byggð á staðreyndum, gefin meðan á úttekt á öryggisstjórnun stendur og studd hlutlægum sönnunargögnum.
- 1.1.9. „Frávik“: aðstæður sem hafa verið kannaðar þar sem hlutlæg sönnunargögn benda til þess að sértilgreind krafa hafi ekki verið uppfyllt.
- 1.1.10. „Gróft frávik“: greinilegt frávik sem er alvarleg ógnun við öryggi áhafnar og skips eða skapar alvarlega umhverfshættu og ber að leiðrétta án tafar, þ.m.t. sú staða að krafa samkvæmt þessum kóða hafi ekki verið uppfyllt með skilvirkum og kerfisbundnum hætti.
- 1.1.11. „Árleg dagsætning“: sá mánaðardagur ár hvert sem svarar til þess dags þegar viðeigandi skjal eða skírteini fellur úr gildi.
- 1.1.12. „Samningur“: alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum.

1.2. *Markmið*

1.2.1. Markmiðið með kóðanum er að tryggja öryggi á sjó, koma í veg fyrir slys eða mannlát og forðast mengun umhverfisins, einkum sjávar, og skemmdir á eignum.

1.2.2. Í markmiðum félags varðandi öryggisstjórn ætti m.a.:

1.2.2.1. að tryggja öruggar vinnureglur um rekstur skips og öruggt vinnuumhverfi,

1.2.2.2. að taka upp öryggisráðstafanir gagnvart þekktum hættum og

1.2.2.3. að bæta stöðugt öryggisstjórnunarhæfni starfsfólks í landi og um borð í skipum, einnig við neyðaraðstæður, bæði að því er varðar öryggi og verndun umhverfisins.

1.2.3. Öryggisstjórnunarkerfi ætti að tryggja:

1.2.3.1. að farið sé að lögboðnum reglum og reglugerðum og

1.2.3.2. að tekið sé tillit til þeirra kóða, viðmiðunarreglna og staðla sem stofnunin, stjórnvöld, flokkunarfélög og siglingastofnanir mæla með.

1.3. *Beiting*

Kröfur þessa kóða geta átt við öll skip.

1.4. *Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi (SMS)*

Hvert félag ætti að þróa, framkvæma og viðhalda öryggisstjórnunarkerfi (SMS) sem felur í sér eftirtaldir, hagnýtar kröfur varðandi:

1.4.1. stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,

1.4.2. leiðbeiningar og aðferðir til að tryggja öryggi við rekstur skipa og verndun umhverfisins í samræmi við viðeigandi alþjóðlega löggjöf og löggjöf fánaríkis,

1.4.3. skilgreiningu virðingarraðar og samskiptaleiða milli og á meðal starfsfólks í landi og um borð,

1.4.4. verklagsreglur um tilkynningu slysa og frávika frá ákvæðum þessa kóða,

1.4.5. verklagsreglur um undirbúning fyrir og viðbrögð við neyðaraðstæðum og

1.4.6. verklagsreglur um innri endurskoðun og endurskoðun stjórnunar.

2. **Stefna í öryggis- og umhverfisverndunarmálum**

2.1. Félaginu ber að setja fram stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum er lýsir því hvernig ná á markmiðum liðar 1.2.

2.2. Félaginu ber að tryggja að stefnunni sé fylgt eftir og henni við haldið á öllum skipulagsstigum bæði um borð og í landi.

3. Ábyrgð og valdsvið félags

- 3.1. Ef sá sem ber ábyrgð á rekstri skips er annar en eigandi skal eigandi tilkynna stjórnvöldum um fullt nafn og aðrar upplýsingar er varða þann aðila.
- 3.2. Félaginu ber að skilgreina og skjalfesta ábyrgð, valdsvið og innbyrðis tengsl allra þeirra starfsmanna er stýra, framkvæma og hafa eftirlit með því starfi er lýtur að framkvæmd öryggismála og mengunarvarna.
- 3.3. Félagið ber ábyrgð á að nægileg tilföng og stuðningur berist frá landi er geri tilnefndum einstaklingi eða einstaklingum kleift að sinna störfum sínum.

4. Tilnefndur einstaklingur eða einstaklingar

Til að tryggja öryggi við rekstur um borð í skipi og koma á tengslum milli félags og áhafnar ber hverju félagi, eftir því sem við á, að tilnefna einn eða fleiri einstaklinga í landi sem hafa beinan aðgang að æðstu stjórn. Ábyrgð og valdsvið tilnefndra einstaklinga, eins eða fleiri, skal felast í því að hafa eftirlit með þáttum er lúta að öryggi og mengunarvörnum um borð í skipinu og skal hann eða þeir sjá til þess að nægileg tilföng og stuðningur frá landi berist eftir því sem þörf er á.

5. Ábyrgð og valdsvið skipstjóra

- 5.1. Félaginu ber að skilgreina skilmerkilega og skjalfesta á hvern hátt skipstjóra ber:
 - 5.1.1. að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,
 - 5.1.2. að hvetja áhöfn til að framfylgja stefnunni,
 - 5.1.3. að gefa viðeigandi skipanir og leiðbeiningar á skýran og einfaldan hátt,
 - 5.1.4. að sannreyna að tilgreindum kröfum hafi verið framfylgt og
 - 5.1.5. að endurskoða öryggisstjórnunarkerfið og gefa skýrslu um galla á því til stjórnar í landi.
- 5.2. Félaginu ber að tryggja að öryggisstjórnunarkerfið um borð feli í sér skýr fyrirmæli um valdsvið skipstjóra. Félaginu ber að taka það fram í öryggisstjórnunarkerfinu að skipstjórinn hafi endanlegt vald og beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum er lúta að öryggi og mengunarvörnum og á því að leita aðstoðar félagsins ef þörf krefur.

6. Tilföng og starfsmenn

- 6.1. Félaginu ber að tryggja að skipstjórinn:
 - 6.1.1. hafi tilskilda menntun og hæfi til að stýra skipi,
 - 6.1.2. þekki vel öryggisstjórnunarkerfi félagsins og
 - 6.1.3. fái nauðsynlegan stuðning til að gegna skyldum sínum vel og örugglega.
- 6.2. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn hvers skips hafi viðeigandi menntun og hæfi, hafi undir höndum skírteini og sé heilbrigð í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

- 6.3. Félaginu ber að setja verklagsreglur til að tryggja að nýir starfsmenn og starfsmenn er flytjast til nýrra verkefna er varða öryggi og umhverfisvernd fái viðhlítandi leiðbeiningar um skyldustörf sín.

Nauðsynlegar leiðbeiningar, sem gefa verður fyrir brottför, skal skilgreina og skjalfesta og veita.

- 6.4. Félaginu ber að sjá til þess að þeir starfsmenn, sem taka þátt í öryggisstjórnunarkerfi félagsins, skilji nægilega vel viðeigandi reglur, reglugerðir, kóða og viðmiðunarreglur.
- 6.5. Félaginu ber að setja og fylgja verklagsreglum er gera því kleift að hafa vakandi auga með hvers konar þjálfun, sem kann að vera nauðsynleg til að styrkja öryggisstjórnunarkerfið, og tryggja að viðkomandi starfsmenn fái slíka þjálfun.
- 6.6. Félaginu ber að setja verklagsreglur er tryggja að áhöfn skips fái viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið á vinnutungumáli eða þeim tungumálum sem hún skilur.
- 6.7. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn skips sé fær um að koma viðeigandi skilaboðum á framfæri við störf sín er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.

7. **Áætlanir vegna aðgerða um borð**

Félaginu ber að setja verklagsreglur um undirbúning áætlana og leiðbeininga, þ.m.t. gátlistar, eins og við á, fyrir helstu aðgerðir um borð í skipi er varða öryggi skips og mengunarvarnir. Skilgreina ætti verkefni og fela þau hæfum starfsmönnum.

8. **Neyðarviðbúnaður**

- 8.1. Félaginu ber að setja verklagsreglur um að greina, lýsa og bregðast við hugsanlegum neyðaraðstæðum um borð.
- 8.2. Félaginu ber að leggja fram æfingar- og þjálfunaráætlanir til viðbúnaðar vegna neyðaraðgerða.
- 8.3. Með öryggisstjórnunarkerfinu skal tryggja að félagið geti brugðist við þegar hættu, slys eða neyðaraðstæður skapast um borð í skipum þess.

9. **Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu**

- 9.1. Í öryggisstjórnunarkerfinu skal gert ráð fyrir að tilkynnt sé til félagsins um frávik, slys og hættu og skulu þau rannsökuð og greind með það að markmiði að bæta öryggi og mengunarvarnir.
- 9.2. Félaginu ber að setja verklagsreglur um framkvæmd úrbóta.

10. **Viðhald skips og búnaðar**

- 10.1. Félaginu ber að setja verklagsreglur til að tryggja að skipinu sé viðhaldið í samræmi við ákvæði viðeigandi reglna og reglugerða og í samræmi við viðbótarkröfur sem félagið kann að hafa gert.
- 10.2. Til að fullnægja þessum kröfum skal félagið sjá til þess að:
- 10.2.1. eftirlit fari fram með hæfilegu millibili,
- 10.2.2. tilkynnt sé um frávik og hugsanlega ástæðu þeirra ef hún er kunn,

- 10.2.3. gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr ástandinu og
- 10.2.4. haldin sé skrá um slíkar aðgerðir.
- 10.3. Félaginu ber að innleiða aðferðir í öryggisstjórnunarkerfið til að greina fyrirvaralausar bilanir á búnaði og tækni kerfi sem gætu valdið hættu. Í öryggisstjórnunarkerfinu ber að gera ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum er miða að því að auka áreiðanleika slíks búnaðar eða tækni kerfa. Ráðstafanirnar skulu fela í sér reglubundnar prófanir á því fyrirkomulagi og búnaði eða tækni kerfum sem eru ekki í stöðugri notkun en eru til reiðu.
- 10.4. Eftirlitið, sem um getur í lið 10.2, svo og ráðstafanirnar, sem um getur í lið 10.3, skulu vera liður í fyrirkomulagi viðhaldsmála um borð í skipinu.

11. Skjalahald

- 11.1. Félaginu ber að setja og fylgja verklagsreglum við eftirlit með öllum skjölum og gögnum er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.
- 11.2. Félaginu ber að sjá til þess að:
- 11.2.1. gild skjöl séu aðgengileg á öllum viðeigandi stöðum,
- 11.2.2. breytingar á skjölum séu endurskoðaðar og viðurkenndar af þeim starfsmönnum sem til þess hafa heimild og
- 11.2.3. úrelt skjöl séu fjarlægð tafarlaust.
- 11.3. Vísa má til skjala, sem eru notuð til að lýsa öryggisstjórnunarkerfinu og hvernig það vinnur, sem „handbókar um öryggisstjórnun“. Geyma skal gögnin á því formi sem félagið telur heppilegast. Í hverju skipi skulu vera öll þau gögn er varða skipið.

12. Sannprófun, endurskoðun og mat félags

- 12.1. Félaginu ber að endurskoða innra öryggi til að ganga úr skugga um að öryggis- og mengunarvarnarmál séu í samræmi við öryggisstjórnunarkerfið.
- 12.2. Félaginu ber að meta árangur og endurskoða öryggisstjórnunarkerfið með jöfnum hléum, ef þörf krefur, í samræmi við þær verklagsreglur sem félagið hefur sett.
- 12.3. Endurskoðun og hugsanlegar úrbætur ber að framkvæma í samræmi við skjalfestar verklagsreglur.
- 12.4. Starfsmenn, er sjá um endurskoðun, skulu vera óháðir þeim sviðum sem endurskoða á nema slíkt sé óhagkvæmt vegna stærðar og eðlis félagsins.
- 12.5. Niðurstöður endurskoðana og endurmats skulu kynntar þeim starfsmönnum sem bera ábyrgð á viðkomandi sviði.
- 12.6. Þeir umsjónarmenn, sem bera ábyrgð á viðkomandi sviði, skulu í tíma gera úrbætur þar sem misbrestur hefur orðið.

B-HLUTI — VOTTUN OG SANNPRÓFUN

13. Vottun og reglubundin sannprófun

- 13.1. Rekstur skipsins skal vera í höndum félags, sem hefur fengið útgefið samræmingarskjal eða bráðabirgðasamræmingarskjal í samræmi við lið 14.1, er lýtur að skipinu.
- 13.2. Samræmingarskjalið skal gefið út af stjórnvaldinu, stofnun sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, annarri ríkisstjórn sem aðild á að samningnum, og það skal gefið út handa hverju því félagi sem fullnægir kröfum þessa kóða og skal stjórnvaldið tilgreina gildistíma þess sem skal ekki vera lengri en fimm ár. Umrætt skjal telst vera sönnun þess að félagið sé fært um að fylgja þessum kóða.
- 13.3. Samræmingarskjalið gildir eingöngu fyrir þær gerðir skipa sem beinlínis eru tilgreindar í skjalinu. Miða ber slíka tilgreiningu við þær gerðir skipa sem fyrsta sannprófunin miðaðist við. Öðrum gerðum skipa skal eingöngu bæta við eftir að sannreynt hefur verið að félagið getur farið að þeim kröfum þessa kóða sem eiga við um slíkar gerðir skipa. Í þessu samhengi er um að ræða þær gerðir skipa sem um getur í reglu IX/1 í samningnum.
- 13.4. Á hverju ári, innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hina árlegu dagsetningu, skal stjórnvaldið, stofnun sem stjórnvaldið viðurkennir eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn, sannprófa gildi samræmingarskjalsins.
